

7. gr.

Verði sú breyting á, að hjúkrunarfélagið Samúð og kvenfélagið Framsókn, annað eða bæði, leggi niður starf sitt, þá tekur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, að einu eða öllu leyti, stjórn sjóðsins og starfsemi í sínar hendur.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að hún nái ekki tilgangi sínum að fullu. Og því aðeins skulu breytingartillögur fá gildi, að þær hafi eindregið fylgi stjórnarinnar og séu samþykktar á hreppsfundi með $\frac{3}{4}$ atkvæða, að minnsta kosti. Ákvæðum 2. og 4. gr. má aldrei breyta.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Bildudal, 18. apríl 1933.

Í stjórn Sjúkrasjóðsins Samúð

Guðrún Pálsdóttir. Kristín Magnúsdóttir. S. Vagnsson.

AUGLÝSING

um þátttöku Íslands í alþjóðasamþykktinni frá 31. maí 1929
um öryggi mannlífa á sjónum.

66

3. júlí

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55, 23. júní 1932, um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, eru sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Alþjóðasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggið á sjónum gengur í gildi af Íslands hálfu þegar í stað.

2. gr.

Skylda sú, er hvílir á íslenskum skipum til að hafa fengið skirteini þau, sem skipum er skylt að hafa samkvæmt nefndri alþjóðasamþykkt, kemur þó fyrst til framkvæmda, er hlutaðeigandi skip hefir verið skoðað hér á þessu ári, eða erlendis í umboði ríkisstjórnarinnar, sbr. heimild í 3. gr. laga nr. 55, 1932. Þó skulu öll íslensk skip, er alþjóðasamþykktinni lúta, hafa fengið nefnd skirteini fyrir 1. janúar 1934.

Framkvæmd eftirlitsins skal byggð á fyrirmælum í alþjóðasamþykktinni.

Þetta tilkynnist hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.